

# Fundargerð 833. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, mánudaginn 30. nóvember kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson og Gunnar Einarsson. Í símasambandi voru Eiríkur Björn Björgvinsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sviðsstjórnir Guðjón Bragason og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Verkefnisstjórn um endurmat - yfirfærsla þjónustu við fatlað fólk - 1511253SA

Lögð fram skýrsla verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat tilfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga á árunum 2011-2013, dags. í nóvember 2015.

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir málinu og þeim viðræðum sem fram hafa farið við fjármála- og efnahagsráðherra og starfsmenn ráðuneytis hans frá síðasta fundi stjórnar sambandsins 20. nóvember sl.

Stjórnarmenn, allir sem einn, gerðu grein fyrir afstöðu sinni til afgreiðslu málsins. Að loknum umræðum var eftirfarandi samþykkt gerð með tíu atkvæðum gegn einu atkvæði Gunnars Einarssonar:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir ánægu með að nú liggi fyrir ítarleg og vönduð skýrsla um endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Fram kemur í skýrslunni að í meginatriðum hafi tekist vel til við yfirfærsluna. Einnig kemur fram að verulega hefur vantað upp á að viðeigandi fjármagn fylgdi þessari yfirfærslu árið 2014 og ljóst er að rekstrarhalli er einnig á þjónustunni árið 2015, m.a. vegna aukins fjölda sem nýtur þjónustu sveitarfélaganna frá því sem upphaflega var talin þörf á og einnig vegna aukinna krafna sem gerðar eru til sveitarfélaganna og þeirrar þjónustu sem þau veita. Það er því mikilvægt að niðurstaða náist um auknar fjárveitingar í þennan málaflokk.*

*Stjórn sambandsins veitir formanni og framkvæmdastjóra umboð til að ganga frá samkomulagi við ríkið sem miði að því að lögfesta til frambúðar, með gildistöku árið 2016, að árlegt hlutfall framlaga ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna innheimtra skatttekna ríkisins hækki úr 2,12% í 2,35%, eða 0,23% stig, sem sérgreind verði sem viðbótarframlag til að standa undir lögbundinni þjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Jafnframt verði tímabundin 0,04% stigs hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga sem tók gildi árið 2014 lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga með gildistöku á árinu 2016.*

Stjórn sambandsins áréttar að utan samkomulags um endurmat stendur framtíðarfjármögnun tilgreindra þjónustubátta og úrræða, sem fjallað er um í skýrslunni og eru fyrir utan þá lögbundnu þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélögin tóku yfir árið 2011. Sama gildir um nýjar skuldbindingar sem íslenska ríkið undirgengst samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum eða leiða af lögum. Um fjármögnun þessara atriða þarf að semja sérstaklega. Mikilvægt er að í kjölfar samkomulags um endurmat verði teknar upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um formlegan farveg fyrir framangreind verkefni. Lögð verði sérstök áhersla á að formlegar viðræður hefjist sem fyrst um eftirtalin verkefni og ljúki eigi síðar en fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2017:

- Lengda viðveru fatlaðra barna.
- Tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð.
- Þjónustuúrræði fyrir börn með alvarlegar og fjölþættar raskanir.

Jafnframt verði tryggt að vandað kostnaðarmat fari fram vegna allra nýrra skyldna sem lagðar verða á sveitarfélög og þær fjármagnaðar.

Gunnar Einarsson gerði grein fyrir atkvæði sínu og sagðist mótfallinn samþykktinni vegna þess að ekki væri trygg fjármögnun í tiltekna þætti sem nefndir eru í henni, en áskildi sér rétt til þess að endurmeta afstöðu sína takist samningar um aukin framlög ríkisins til fjármögnunar framangreindra verkefna.

Fundi var slitið kl. 18:10.

Næsti fundur er ráðgerður 11. desember nk.

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Gunnar Axel Axelsson

---

Jónína Erna Arnardóttir

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Sigurður Björn Blöndal

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvæmdastjóri

---

ritari